

Birtist í *Morgunblaðinu*, 5. mars 2002.

Sjávarútvegsráðherra velur verri kostinn

Jón Steinsson

Sjávarútvegsráðherra lagði fyrir skemmstu fram frumvarp á Alþingi um breytingar á stjórn fiskveiða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að magn- og afkomutengt veiðigjald verði lagt á sjávarútveginn. Samkvæmt fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af þessum nýju álögum geti numið um tveimur milljörðum króna.

Andstaða Sjálfstæðisflokksins og annarra við auðlindagjaldi í sjávarútvegi byggðist lengst af á hagkvæmnirökum. Talið var að innheimta auðlindagjalds myndi draga úr hagkvæmni í sjávarútvegi. Á síðustu árum hefur hins vegar komið í ljós að unnt er að útfæra slíka gjaldtöku þannig að komist er hjá óhagkvæmni. Raunar hafa verið færð fram rök sem hníga að því að fyrning aflaheimilda myndi ef eitthvað er auka hagkvæmni í sjávarútvegi. Aukin hagkvæmni kemur til af því að fyrning aflaheimilda myndi skapa virkari markað með slíkar heimildir og myndi því leiða til þess að aflaheimildir leituðu hraðar en ella til þeirra sem best gætu nýtt þær.

Það er því einkennilegt að stjórnvöld velji nú að hafna fyrningu aflaheimilda og leggja þess í stað á veiðigjald sem hefur alla þá ókosti sem þau hafa alla tíð notað sem rök gegn álögum á sjávarútveginn. Veiðigjaldið sem sjávarútvegsráðherra leggur til er eins og fyrr segir afkomutengt og hefur því sams konar óhagkvæmni í för með sér og aðrir tekjuskattar.¹ Þar að auki er veiðigjald ekki markaðslausn og því hefur það ekki sömu kosti og fyrningarleiðin hvað hagkvæmni snertir. Í þessu máli er sú undarlega staða komin upp að ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksins berst af öllu afli gegn markaðslausn sem allir vinstriflokkar landsins hafa fallist á að sé skynsamlegasta lausn málsins.

Afstaða stjórnvalda er ef eitthvað er enn undarlegri þegar haft er í huga að gríðarlegur ágreiningur ríkir um upphæð gjaldsins. Hátt verð aflaheimilda gefur vísbendingu um að arðurinn af þeim sé mikill. Slök afkoma sjávarútvegsins á undanförunum árum bendir hins vegar til þess að arðurinn sé lítill. Eitt er víst. Stjórnvöld eru afskaplega illa til þess fallin að taka upplýsta afstöðu varðandi þennan þátt málsins. Útgerðarfyrirtækin eru einu aðilarnir sem vita hvert raunverulegt verðmæti aflaheimildanna er. Þau hafa hins vegar hag af því að láta líta út fyrir að verðmæti þeirra sé minna en það í raun er.

Með því að velja fyrningarleiðina geta stjórnvöld falið markaðnum að ákvarða verðmæti aflaheimildanna. Þeir sem treysta markaðnum betur en stjórnámálönnum til þess að útteila verðmætum skynsamlega ættu að styðja fyrningarleiðina af þessum sökum. Með því að velja veiðigjald fram yfir fyrningu aflaheimilda hafa stjórnvöld hins vegar falið stjórnámálönnum að vera úrskurðaraðilar hvað þetta atriði varðar.

¹ Hér fór ég því miður með rangt mál. Sjá athugasemd sem birtist í *Morgunblaðinu* 7. mars.

Afstaða LÍÚ í þessu máli er ef eitthvað er enn einkennilegri en afstaða stjórnvalda. Raunar má segja að opinber afstaða samtakanna sé ekki einu sinni rökrétt. Annars vegar halda samtökin því fram að sjávarútveginn hafi ekki burði til þess að greiða gjald fyrir aflaheimildir. Hins vegar eru samtökin andsnúin fyrningarleiðinni. Þetta tvennt er í hrópandi mótsögn hvort við annað.

Ef LÍÚ teldi í raun og veru að sjávarútvegurinn hafi ekki burði til þess að greiða fyrir aflaheimildir myndu samtökin berjast fyrir upptöku fyrningarleiðarinnar. Ef fyrningarleiðin verður farin miðast veiðigjaldið við þá upphæð sem sjávarútvegsfyrirtækin telja sig sjálf geta greitt, því varla fara þau að bjóða meira í kvótann en þau telja sig hafa burði til þess að greiða. LÍÚ ætti því að sjá fyrir sér mjög lágt gjald ef fyrningarleiðin yrði farin. Andstaða samtakanna við fyrningarleiðinni er skýr vísbinding um að verðmæti aflaheimildanna sé mun meira en þau vilja viðurkenna.

Ástæða þess að LÍÚ getur ekki hugsað sér að fyrningarleiðin verði farin er líklegast sú að þá geta samtökin ekki lengur haldið gjaldinu í lágmarki með því að beita stjórnvöld þrýstingi. Ef fyrningarleiðin yrði farin þyrftu útgerðirnar að bítast um aflaheimildirnar á frjálsum markaði. Það myndi leiða til þess að verðið sem ríkið fengi fyrir þær endurspeglaði raunverulegt virði þeirra. Þetta getur LÍÚ ekki hugsað sér. Samtökin telja hag sínum mun betur borgið innan kerfis þar sem óhagkvæmir skattar eru lagðir á sjávarútveginn. Þetta segir sína sögu um þau áhrif sem samtökin telja sig geta haft á stjórnvöld.

Ég skora á þingmenn að hafna frumvarpi sjávarútvegsráðherra. Þar að auki skora ég á Sjálfstæðisflokkinn að endurskoða afstöðu sína til þessa mál. Stefna flokksins í þessu máli er í mótsögn við þá grunvallarstefnu flokksins að vera flokkur einstaklingsfrelsis og markaðsbúskapar. Fyrningarleiðin er markaðslausn. Veiðigjaldsleiðin er leið óhagkvæmrar skattheimtu og óskynsamlegra afskipta stjórnámálanna. Það hefur ávalt verið stefna Sjálfstæðisflokksins að skapa skilyrði fyrir því að afrakstur þjóðarinnar af sjávarútveginum sé ein mikill og kostur er. Frumvarp sjávarútvegsráðherra er skref afturábak hvað það varðar.